



Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


Reykjavík, 13. apríl 2018

Efni: Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. og 394. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi BHM til umsagnar frumvörp til laga um um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál. Eftirfarandi er sameiginleg umsögn BHM um þessi tvö mál.

BHM hefur verið í nánú samráði um gerð frumvarps um jafna meðferð á vinnumarkaði frá því vinna hófst við það árið 2006. Því miður hefur hins vegar ekki tekist að klára afgreiðslu frumvarpsins þrátt fyrir samráð og samvinnu helstu aðila vinnumarkaðarins í gegnum árin við gerð frumvarpsins. BHM fagnar að frumvarpið hafi verið lagt fram og vonast til að það verði að lögum á yfirstandandi vörþingi. Mikilvægt er að meginmarkmið frumvarpsins um að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði verði innleidd á vinnumarkaði sem allra fyrst. Þá er ekki síður mikilvægt að sömu meginmarkmið sem koma fram í frumvarpi til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og gilda utan vinnumarkaðar verði að lögum.

BHM fagnar framlagningu beggja frumvarpa og telur löngu tímabært að þetta verði að lögum.

F.h. BHM

Erna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri